

Frá: Hönnunarhúsið ehf. - Guðni Gíslason <gudni@hhus.is>

Sent: föstudagur, 17. ágúst 2018 11:47

Til: Rósa Guðbjartsdóttir

Efni: Ósk um niðurfellingu á lóðarleigu

Erindi til Hafnarfjarðarkaupstaðar:

Ósk um niðurfellingu á lóðarleigu

St. Georgsgildið í Hafnarfirði, félag eldri skáta, óskar hér með eftir því að auk fasteignaskatta, verði felld niður lóðarleiga af lóð Skátalundar við Hvaleyrarvatn, L123109.

Félagið hefur byggt upp aðstöðu fyrir skátastarf á svæðinu, ræktað upp og haldið við en öll vinna er unnin í sjálfbóðastarfi.

Sæðið er opið svæði þar sem fjölmargir fara um, gangandi og hlaupandi og félagið stefnir á áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu.

Með vísun í samþykkt bæjarráðs í gær þar sem samþykkt er að fella niður lóðarleigu af knatthúsi í Kaplakrika óskar félagið eftir því að fá sambærilega niðurfellingu.

Með skátakveðju,

f.h. St. Georgsgildisins í Hafnarfirði

kt. 680482-0399

Guðni Gíslason, gildismeistari.

Hönnunarhúsið ehf.

Bæjarhrauni 2 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 45 13 | gudni@hhus.is